

## 3. gr.

Styrki skal veita ungum og efnilegum mönnum til námsdvalar í Svíþjóð, þó eigi fleirum en einum á ári, þar til árleg úthlutun nemur meiru en 400 krónum. „Sænsk-íslenzka félagið í Reykjavík hefir rétt til að gera tillögur um úthlutun styrksins.

42

4. maí

## 4. gr.

Sjóðurinn er undir stjórn forsætisráðherra. Ákveður hann um styrkveitingar og um ávöxtun sjóðsins.

## 5. gr.

Reikninga sjóðsins og skýrslu um hverjir notið hafa, skal birta í Stjórnartíðindunum.

*Forsætisráðherrann, 4. maí 1935.*

**Hermann Jónasson.**

## G J A L D S K R Á

fyrir notkun raforku í Hafnarfjarðarkaupstað.

43

8. maí

Verð á raforku skal vera sem hér segir:

1. Um mæli til ljósa .....	kr. 0,70 fyrir hverja kwst.
2. Um mæli til ljósa og smámótora, hvort- tveggja um sama mæli .....	— 0,55 — — —
3. Um mæli til mótora með ójafnri raun .....	— 0,40 — — —
4. Um mæli mótora með jafnri raun .....	— 0,35 — — —
5. Um mæli til mótora við fiskþurrkunarhús .....	— 0,18 — — —

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af eiganda rafmagnsstöðvarinnar í Hafnarfirði, Útvegsbanka Íslands h/f og af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 83, 23. júní 1932 um raforkuvirki, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. maí 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*